

kröfum stefnanda, Þorvalds Arnar Vigfússonar.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. marz 1960.

Nr. 6/1960. Ákærvaldið (Kjartan Ragnars hrl.)
gegn
Sæmundi Guðmundssyni
(Jónas Thoroddsen hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal
prófessor.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Kjartans Ragnars og Jónasar Thoroddsens, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. marz 1959.

Ár 1959, þriðjudaginn 24. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni,

kveðinn upp dómur í málinu nr. 1315/1959: Ákærvaldið gegn Sæmundi Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, dags. 5. þ. m., er Sæmundur Guðmundsson verkamaður, Garðastræti 17, hér í bæ, ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 8. febrúar s.l. tekið að ófrjálsu úr v/b Aðalbjörgu, sem lá við Grandagarð hér í höfninni, hrátt kjöt, teppi, jakka, kaffikönnu og diska auk hnífapara.

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 4. maí 1914, hefur sætt þessum kær-um og refsingum:

1946 14/6 Rvík. Dómur aukaréttar: 9 mán. fangelsi, og greiði kr. 15.350.00 í skaðabætur, fyrir brot gegn 218. gr. hegningarlaganna, áfengislögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. 24/2 1947: 9 mán. fangelsi, skaðabætur kr. 12.350.00.

1947 5/11 Rvík. Dómur aukaréttar: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

— 6/12 Rvík. Kærður fyrir sviksamlegt atferli. Fellt niður.

1950 31/3 Rvík. Dómur: 8 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1951 30/3 Rvík. Dómur: 5 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1957 16/8 Kærður fyrir þjófnað á sæng og kodda. Fellt niður.

Auk þess hefur hann 20 sinnum verið sektaður fyrir ölvun og tvisvar fyrir umferðarbrott.

Að morgni sunnudagsins 8. febrúar s.l. fór ákærði um borð í mannlausan bát, Aðalbjörgu, RE 5, er lá við Grandagarð, og tók þar að ófrjálsu teppi, jakka, kaffikönnu, diska og hnífapör. Á leiðinni frá borði féll ákærði í sjóinn, enda ölvaður. Var hann dreginn upp, færður á lögreglustöðina og síðan á slysavarðstofuna til aðhlynningar. Varningnum var komið til skila. Meðal hans var einnig nokkuð af úldnu keti, er ákærði kveðst ekki hafa verið heimildarmaður að, en veit ekki gerla, hvar hann tók.

Með verknaði þeim, er nú var lýst, hefur ákærði brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákærði hefur unnið til sviptingar

kosningaréttar og kjörgengis til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Sæmundur Guðmundsson, sæti fangelsi 3 mánuði. Hann er sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. marz 1960.

Nr. 203/1959. **Magni Guðmundsson** (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
bæjarsjóði Reykjavíkur
 (Guðmundur V. Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur bótaskyldur af þeim sökum, að stjórnendur Reykjavíkurbæjar hafi ekki látið áfrýjanda í té leigulóð undir íbúðarhús. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur hér fyrir dómi eins og í héraði reist kröfu sína á því, að stjórn Reykjavíkurbæjar hafi brigðað við hann loforð eða loforðsigildi um að fá honum til afnota leigulóð